

# Skógræktarsvæði við Arnarhamar, Kjalarnesi

## Fornleifaskrá

Margrét Björk Magnúsdóttir  
Anna Lís Guðmundsdóttir

Reykjavík 2014  
Borgarsögusafn Reykjavíkur



## Formáli

Hér á eftir er gerð grein fyrir menningarminjum á skógræktarsvæði í hliðum Esju við Arnarhamar<sup>1</sup> og minja sem eru u.þ.b. 50 m utan marka þess. Skógræktarsvæðið er hluti af „Græna treflinum“ á Kjalarnesi.<sup>2</sup> Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur umsjón með menningarminjum í Reykjavík og sér meðal annars um skráningu og eftirlit með fornleifum á Kjalarnesi.<sup>3</sup> „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, ...“.<sup>4</sup> Fornleifaskráning á svæðinu var gerð eftir ritheimildum 1999, á vettvangi 2002 og gerð var vettvangskonnnun á skógræktarsvæðinu í júlí 2014. Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskonnnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Fornleifar eru skráðar undir jarðir eins og jarðaskipting var 1847 þegar Jarðatal Johnsen var tekið saman. Fornleifar á skógræktarsvæðinu eru skráðar undir jarðirnar Arnarholt sem samkvæmt skiptingu Johnsens hefur númerið 304, Lykkju sem hefur númerið 295 og Brautarholt sem hefur númerið 297. Samkvæmt 22. gr. Laga um menningarminjar 80/2012 skal vera 15 metra friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem njóta friðunar vegna aldurs, þ.e. 100 ára og eldri.<sup>5</sup>

## Fornleifar á skógræktarsvæðinu

Skógræktarsvæðið sem er hér til umfjöllunar er 54 hektarar í landi Arnarholts og Lykkju, norðan, austan og sunnan við Arnarhamar, í kringum Harðarvöll sem er um 20 hektara íþrótta- og athafnasvæði hestamanna á Kjalarnesi þar sem áætlað er að rísi 4-10 hesthús og nær hluti af skeiðbraut vallarins inn á norðurhluta skógræktarsvæðisins.<sup>6</sup> Mörk svæðisins NV megin fylgja landamerkjum Bakka og Arnarholts, landamerkjum jarðanna við Esjubrún NA megin, landamerkjum Lykkju og Króks á SA hlið, V mörk fara í kringum íþrótta- og athafnasvæði hestamanna og virðast taka mið af vegstæði Vesturlandsvegar. Innan skógræktarsvæðisins eru þekktar og skráðar tvær fornleifar (297-18, 295-29) og utan marka þess u.þ.b. 50 m eru einar fornleifar Arnarhamarsrétt (304-29) og yngri minjar sem tengjast menningarsögu Kjalarness og vert er að taka tillit til Harðarvöllur og minjar þar (304-30:38:39:40). Minjarnar hafa verið staðsettar á kortagrunni LUKR, sjá mynd 1.

Tafla 1. Skráðar fornleifar innan skógræktarsvæðis og um 50 m utan marka þess.

| Fornleif | Jörð        | Sérheiti        | Hlutverk   | Tegund        | Innan/ utan |
|----------|-------------|-----------------|------------|---------------|-------------|
| 297-18   | Brautarholt |                 | Fjargata   | Heimild, gata | Innan       |
| 295-29   | Lykkja      |                 | Útihús     | Tóft          | Innan       |
| 304-29   | Arnarholt   | Arnarhamarsrétt | Rétt       | Hleðslur      | Utan        |
| 304-30   | Arnarholt   | Harðarvöllur    | Kappreiðar | Hringvöllur   | Utan        |
| 304-38   | Arnarholt   | Harðarvöllur    | Grunnur    | Undirstöður   | Utan        |
| 304-39   | Arnarholt   | Harðarvöllur    | Grunnur    | Steinsteypa   | Utan        |
| 304-40   | Arnarholt   | Harðavöllur     | Grunnur    | Undirstöður   | Utan        |

<sup>1</sup> Árið 2023 fékk þessi skráning verkefnanúmer 3013 þegar gögnum var skilað til Minjastofnunar


<sup>2</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, 2014, bls. 94-95.

<sup>3</sup> Borgarsögusafn Reykjavíkur. Leiðarljós Borgarsögusafns Reykjavíkur.

<sup>4</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 3gr.

<sup>5</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 22.gr.

<sup>6</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, 2014, bls. 109.



Mynd 1. Afmörkun skógræktarsvæðis við Arnarhamar og skráðar fornleifar.



Margar götur og slóðar liggja í hlíðum Esju og eru þrjár götur merktar inn á kortið, gömul alfaraleið, gata sem liggur norður með hlíðinni frá tóft (295-29) og gata sem lá frá Brautarholti til selja á Blikdal. Gamla alfaraleiðin, stundum nefnd *gamli Kjalarnesvegurinn*, lá fast upp við Esju á mótum mýrlendis og skriðanna frá Mógilsá að Ártúnsá, þaðan lá leiðinn inn Tíðarskarð um Melahverfi með Tindstaðafjalli sem var farin allt fram á 20. öldina þegar vegur var lagður niður á láglandinu.<sup>7</sup> Leiðin kemur fram í rituðum heimildum og er merkt inn á tvö herforingjaráðskort, sem mælt var fyrir 1908 og gefin út 1910, *26 SA Borgarfjörður Akranes og Reykjavík N. A.*<sup>8</sup> samkvæmt kortunum hefur alfaraleiðin hefur legið við suðvesturmörk skógræktarsvæðisins en merki um hana eru ekki greinileg á því svæði vegna seinni tíma rasks vegna skógræktar og malarnáms. Greinileg gata liggur norður með Esjuhlíðum og í gegnum skógræktarreitinn frá grjóthlaðinni tóft (295-29) við suðausturmörk svæðisins. Gatan er greinileg fyrst en verður óljósari þegar nær dregur norðurmörkum þar sem hún virðist síðan sameinast annarri götu (297-18) sem liggur til selja á Blikdal frá Brautarholti.<sup>9</sup> Á suðurhluta svæðisins virðist gatan liggja á svipuðum stað og hluti af fyrirhugaðri reiðleið sem á að leggja ofan byggðar frá Kollafirði að Tíðarskarði. Reiðleiðin er á aðalskipulagi og sjá má fyrirhugaða legu leiðarinnar í kortasjá Landsambands hestamannafélaga.<sup>10</sup>

## Fornleifaskrá skógræktarsvæðis við Arnarhamar og 50 m utan marka.

### Brautarholt 1 125660-297-18



Mynd 2. Gata frá Brautarholti til selja á Blikdal, Brautarholt 1 125660-297-18, horft í suðvestur.

**Hlutverk:** Gata

**Tegund:** Heimild

**Aldur:** 1908

<sup>7</sup> Egill J. Stardal, 1985, bls. 101. Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 448-449.

<sup>8</sup> Íslandskort.is, 27 Reykjavík N. A. og Akranes 26 Borgarfjörður S. A.

<sup>9</sup> Íslandskort.is, 27 Reykjavík N. A. og Akranes 26 Borgarfjörður S. A.

<sup>10</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kjalarnes – Borgarhluti 10, bls. 314. Landsamband hestamannafélaga. Kortasjá Reiðleiðir.

**Staðhættir:** Gata sem lá frá Brautarholtshverfi, að selstöðu Brautarholts á Blikdal sem er á grasigróinni malareyri sunnan Blikdalsár um miðbik dalsins.

**Lýsing:** Gatan er teiknuð á tvö landakort, herforingjaráðskort, sem mælt var 1908 fyrir og gefin voru út 1910, merkt sem óviss gata frá veginum norðan við túnið á Jörfa, upp að Arnarhamarsrétt fyrir þar sem gatan þverar auðkenndan veg (gömlu alfaraleiðina) fyrir neðan réttina, þaðan á ská upp hlíðina að dalsbrún og inn að Brautarholtsseli.<sup>11</sup>

Gatan er einnig nefnd í athugasemdum Odds Jónssonar við örnefnalýsingu Arnarholts en þar segir að gatan hafi legið um Langholt sem er norðaustan og ofan við Arnarholt. Það er aðeins vestar en teiknað er á kortinu.<sup>12</sup>

Brautarholtskirkja átti selstöðu og beitiland á Blikdal og samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1704 höfðu þá jarðirnar Borg, Mýrarholt og Lykkja einnig selstöðu þar. Sjá má tóftir á fjórum stöðum á eyrinni (297-85-88) þar sem selstaðan var.<sup>13</sup>

Fyrir ofan Vesturlandsveg er gatan greinileg frá norður enda skeiðbrautar norður með hlíðinni að Blikdalsmynni og inn á miðjan Blikdal. Staðsett og ljósmyndað.

### Lykkja 125713-295-29



Mynd 3. Útihúsatóft, Lykkja 125713-29, horft í vestur.

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Aldur:** 1900

**Hnit:** X 363149, Y 420106

**Hleðsluhæð:** 30 - 80 cm

**Lengd og breidd:** 12 x 5 m

**Mælingaraðferð:** Stikað

**Ástand:** Sæmilegt

<sup>11</sup> 27 Reykjavík NA, 1910. 26 SA. Borgarfjörður – Akranes, 1910.

<sup>12</sup> Örnefnasafn, 1968, Arnarholt. Aths. Odds Jónssonar við Arnarholt.

<sup>13</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 362, 355, 367, 360, 358.

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Nokkur hætta

**Hættuorsök:** Skógrækt, Stígamyndun

**Staðhættir:** Tóft af grjóthlöðnu útihúsi er efst í grasi vöxnu mýrlendi við skriðu rætur í vestur hlíð Esju. Um 400 m SV af Arnarhamarsrétt og um 360 m austur af Vesturlandsvegi. Lækjarfarvegur er um 5 m og annar um 40 m suður af tóftinni sem rennur í mýrarmóan um 30 m fyrir neðan og vestan tóftina.

**Lýsing:** Tóftin er 12x5 m að utanmáli og liggur í NNV SSA og hallar til vesturs. Hún virðist hafa verið tvö hólfr og það nyrðra er greinilegra um 6,5x2 m að innanmáli. Syðri helmingur tóftarinnar er þakin mosavöxnu grjóti, veggjahæð er mest þar um 80 cm, er annars um 30-40 cm. Inngangur um 1,20 m virðist hafa verið á vesturhlíð á nyrðra hólfinu, veggir eru hrundir um 1,5 m á breidd og miðja hólsins er grasivaxin. Þvert yfir tóftina hefur á einhverjum tíma verið lögð girðing sem nú er fallin, vírnet og gaddavír, sem liggur upp í Esju og er járnstaur í austurvegg hennar. Grjótgarður er ofan við tóftina um 1x5 m undir girðingunni, gæti líka hafa verið fyrir neðan tóftina en er ekki greinanlegur fyrir en í lækjarfarveg um sex metrum neðan við tóftina.

#### **Arnarholt 125651-304-29**



Mynd 4. Arnarhamarsrétt, Arnarholt 125651-304-29, horft í suðvestur.

**Sérheiti:** Arnarhamarsrétt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Aldur:** -1980

**Hnit:** X 362794, Y 420354

**Hleðsluhæð:** 120 cm

**Lengd og breidd:** 37 x 27,5 m

**Ástand:** Sæmilegt

**Horfin:** Nei



**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Austur af Bakka, í Esjuhlíðum. Mjög nálægt Vesturlandsvegi eða um 30 m austur af veginum. Rústin er utan í litlu hamrabelti/klettum sem kallað er Arnarhamar.

**Lýsing:** Fjárrétt með fimm til sex dilkum (um 5x12 m) og einu stóru hólfi, líklega almenningi (um 10x22 m). Klettur notaður sem austurveggurinn í almenninginum. Vegg hæð er mest um 120 cm. Byrjað hefur verið á að endurhlaða réttina og sum staðar er einungis búið að stilla upp stóru grjóti í jaðar veggjanna, annars staðar hefur mól verið sett á milli slíkra steina og sum staðar hafa hnellingar verið settir inn á milli

Ekki er vitað hvenær réttað var síðast í Arnarhamarsrétt en 19. september 1978 var réttað þar samkvæmt fréttatilkynningu í *Morgunblaðinu* 17. september 1978.

### Arnarholt 125651-304-30



Mynd 5. Harðarvöllur horft í vestur fremst er áhorfendasvæði, þá skeiðbraut og hringvöllur.

**Sérheiti:** Harðarvöllur

**Hlutverk:** Kappreiðar, Skeiðvöllur

**Tegund:** Rutt svæði

**Aldur:** 1950 – 1989

**Hnit:** X 362974, Y 420633

**Lengd og breidd:** 460 x 10 m

**Ástand:** Gott

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Staðhættir:** Á malarhjalla í vestanverðum Esjuhlíðum um 230 m A af Vesturlandsvegi og 270 m NA af Arnarhamarsrétt er Harðarvöllur, íþróttasvæði Hestamannafélagsins Harðar við Arnarhamar, hringvöllur, skeiðbraut og áhorfendastæði, sem gert var 1950.<sup>14</sup> Vegarslóði liggur í NA frá Vesturlandsvegi á ská upp að hringvellingnum, sveigir þar í suður meðfram vellingnum og síðan liggur hann í sveig til norðurs þar sem hann endar við bíla- og áhorfendastæði, sem er um 100x10 m, um 50 m fyrir ofan og austan hringvöllinn.

**Lýsing:** Íþróttasvæðið liggur nánast í N S. Hringvöllurinn er um 135x40 m að utanmáli, 120 x 25m að innanmáli. Langhlið austanmegin er einnig hluti af skeiðbrautinni sem er um 420m á lengd en er lengri bæði til norðurs og suðurs. Ofan við austurhlið brautarinnar er samsíða grunnur skurður jafnlangur hringvellingnum. Áhorfendastæði, bílastæði, liggur samsíða um 50 m fyrir ofan skeiðbrautina

<sup>14</sup> Helgi Sigurðsson, 2013.





er u.þ.b. fyrir miðjum hringvelli um 65x10 m. Á svæðinu eru grunnar þriggja bygginga sem voru á staðnum, tveggja dómpalla (304-38:39) og veitingasölu (304-40).

Harðarvöllur er ekki eiginlegar fornleifar en hefur gildi fyrir menningarsögu Kjalarnes og er vitnisburður um íþrótt- og menningarlíf Kjalnesinga og nærsveitamanna og var mikið notaður um árabíl. Síðustu kappreiðarnar á vellinum voru haldnar 1989.<sup>15</sup>

#### Arnarholt 125651-304-38



Mynd 6. Grunnur undir dómpall við suðurenda hringvallar (304-38), horft í norður.

**Hlutverk:** Grunnur, dómpallur

**Tegund:** Undirstöður

**Aldur:** 1950 – 1989

**Hnit:** X 362972, Y 420567,

**Lengd og breidd:** 4 x 3 m

**Ástand:** Sæmilegt

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Staðhættir:** Á Harðarvelli við Arnarhamar er undirstöður fyrir hús við suðaustur enda hringvallar.

**Lýsing:** Grunnur með undirstöðunum eru á malarhól sem hefur verið ýtt upp til að húsið stæði hærra. Grunnurinn er 4x3 m og undirstöðurnar sem eru steinsteypa í plast rörum með steypustyrktarjárn í miðjunni eru tíu talsins raðað með útjaðri grunnsins. Grunnurinn var undir byggingu sem notaður var sem dómpallur.

<sup>15</sup> Helgi Sigurðsson, 2013, bls. 17-24.

**Arnarholt 125651-304-39**

Mynd 7. Grunnur fyrir dómpall (304-39), horft í austur.

**Hlutverk:** Grunnur, dómpallur

**Tegund:** Steypa

**Aldur:** 1950 - 1989

**Hnit:** X 362999, Y 420561

**Lengd og breidd:** 3 x 2 m

**Ástand:** Gott

**Horfin:** Nei

**Staðhættir:** Á Harðarvelli við Arnarhamar er steinsteyptur ferhyrndur grunnur við suðurenda skeiðbrautar.

**Lýsing:** Grunnurinn er steinsteyptur 3x2 m með fjórtán lóðréttum boltum við útjaðarinn sem hafa verið festing fyrir bygginguna sem var ofan á. Við suðurenda grunnsins er lægri steypdur flötur 2x2 m með mishæð sem gæti hafa verið tröppur við inngang. Byggingin var notuð sem dómpallur.

**Arnarholt 125651-304-40**

Mynd 8. Horft í vestur af grunni veitingasölu við áhorfendastæði ofan við völinn.

**Hlutverk:** Grunnur, veitingasala

**Tegund:** Undirstöður

**Aldur:** 1950 – 1989

**Hnit:** X 363059, Y 420675

**Lengd og breidd:** 10 x 6 m

**Ástand:** Slæmt

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Staðhættir:** Á Harðarvelli við Arnarhamar er grunnur og undirstöður veitingahúss sem var við norðurenda áhorfendasvæðis.

**Lýsing:** Undirstöður, tvær stórar járntunnur fylltar steinsteypu, eru þar sem veitingaskúrinn stóð áður á sléttuðum malargrunni.

## Niðurstöður

Á skógræktarsvæðinu eru tvær fornleifar, eldri en 100 ára, grjóthlaðin tóft (295-29) sem lítið hefur verið raskað og hluti af götu (297-18) sem farin var frá Brautarholti til selja á Blikdal. Lagt er til að leitað verði umsagnar Minjastofnunar Íslands varðandi friðhelgunarsvæði tóftar og selgötu.

Við mörk svæðisins eru einar fornleifar, Arnarhamarsrétt og yngri minjar Harðarvöllur sem eru mikilvægar fyrir menningarsögu Kjalarnes. Norðurendi skeiðbrautar vallarins gæti verið í hættu vegna trjáræktar þar sem hann er innan svæðisins.

Lagt er til að fyrirhuguð reiðleið í gegnum skógræktina verði stikuð með tilliti til skógræktar og tóftarinnar (295-29), þannig að ekki verði plantað í fyrirhugað reiðgötustæði eða farið of nálægt tóftinni.

## Heimildir

*Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A. Meginmarkmið og framtíðarsýn (bindandi stefna).* Nóvember 2013: Uppfært 6. Febrúar 2014. Sótt 11. júlí 2014 af

[http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030\\_a-hluti\\_20140224.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf)

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1934). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Borgarsögusafn Reykjavíkur. Leiðarljós Borgarsögusafns Reykjavíkur. sótt 11. júlí 2014 af

<http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4232>

Egill J. Stardal. (1985). Esja og nágrenni. Í *Árbók Ferðafélags Íslands 1985*, bls. 83-112.

Helgi Sigurðsson. (2013). *Saga Harðar og Harðarfélaga: „Herði snjóllum hlotnast byr...”*. Reykjavík, Hestamannafélagið Hörður.

*Íslandskort.is. (1910). 26 SA. Borgarfjörður – Akranes.* Dönsku herforingjaráðskortin.

Kaupmannahöfn. Generalstabens topografiske Afdeling. Sótt 11. júlí 2014 af

<http://islandskort.is/is/map/show/664>

*Íslandskort.is. (1910). 27 NA Reykjavík.* Dönsku herforingjaráðskortin. Kaupmannahöfn.

Generalstabens topografiske Afdeling. Sótt 11. júlí 2014 af <http://islandskort.is/is/map/show/666>

Landsamband hestamannafélaga. Kortasjá Reiðleiðir. Sótt 14. júlí 2014 af  
<http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.php?client=hestar>

*Lög um menningarminjar nr. 80/2012.*

Sarpur.is. Menningasögulegt gagnasafn. Borgarsögusafn Reykjavíkur: BSS-Brautarholt 1 125660-297-18: BSS-Lykkja 125713-295-29: BSS-Arnarholt 125651-304-29: BSS-Arnarholt 125651-304-30: BSS-Arnarholt 125651-304-38: BSS-Arnarholt 125651-304-39: BSS-Arnarholt 125651-304-40.

Þorsteinn Jónsson. (1998). Kjalnesingar: ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890. Reykjavík: Byggðir og bú.

Örnefnasafn. (1968). *Arnarholt. Aths. Odds Jónssonar við Arnarholt*. Kjalarneshreppur, Kjósarsýsla.